


**Hrafnkell Lárusson**

**Ársskýrsla Héraðsskjalasafns  
Austfirðinga**

**2009**



Hér gefur að líta fyrstu síðuna í stofnfundargerð Kvenfélagsins Einingar í Fljótsdal sem stofnað var hinn 11. júlí 1909. Var það þriðja kvenfélagið sem stofnað var á Austurlandi. Fyrir voru kvenfélög á Vopnafirði og í Vallahreppi, bæði stofnuð árið 1907.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fulltrúaráð og stjórn.....	4
Starfsfólk og opnunartími.....	5
Rekstur.....	6
Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni.....	7
Sýningar, útgáfustarf o.fl.....	13
Ljósmyndasafn Austurlands.....	15
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar.....	16
Lokaorð.....	18
Skrá yfir afhendingar á árinu 2009	

## Forsíðumynd:

Um aldir áttu menn sjómenn allt undir vindunum.  
Myndin sýnir bátaflota í góðum byr undan Vattarnesbót.  
Upp á sjávarkambinum gefur að líta verbúðir sem oft voru allt í senn, aðgerðar- og beitningarhús og íverustaðir sjómanna. Myndin er líklega tekin snemma á 20. öld.

## Inngangur

Á árinu 2009 var haldið áfram að safna með skipulegum hætti upplýsingum um fjölda gesta sem koma í safnið, sem og fjölda erinda og skjalabeidna. Hefur þessu verklagi nú verið viðhaldið í tvö ár samfelld og því hafa safnast upplýsingar sem bera má saman.

Á árinu 2009 dreifðust gestir jafnar yfir mánuðina en árið 2008. Þó var áberandi toppur í gestafjölda í febrúar 2009 en þá komu 272 gestir í safnið. Skýrist það af því að í þeim mánuði voru mikið fleiri skólaheimsóknir í safnið en aðra mánuði ársins. Annars voru gestir að jafnaði frá 100 til rúmlega 140 talsins í hverjum mánuði. Þó voru gestir færri en 100 í nóvember (97) og í desember (92) en þessir mánuðir eru þeir einu frá því að byrjað var að telja gesti með þessum hætti þar sem fjöldi þeirra í einum mánuði fer niður fyrir 100. Athyglisvert er að á árinu 2009 var júlímánuður næst gestkvæmastur á eftir febrúar með 146 gesti. Á því er engin ein skýring en það er þó í samræmi við fjölda gesta í júlí 2008 en þá voru þeir 152 talsins.

Í heildina voru gestir á árinu 2009 nokkru færri en þeir voru árið 2008 eða alls 1564 árið 2009 á móti 1797 árið áður. Munar því 233 gestum sem samsvarar 13% fækkun. Þarna spila skólahóparnir aftur stærstan þátt en í október og nóvember 2008 voru óvenju margir og fjölmennir skólahópar sem sóttu safnið heim. Sjá má, þegar einstakir mánuðir eru bornir saman milli ára, að fækkunin er fyrst og fremst í þessum tveimur mánuðum.

Sú meginályktun sem má draga af samanburði á niðurstöðum þessara tveggja ára er sú að sveiflurnar milli ára skýrist einkum af færri skólahópum á árinu 2009 en árið 2008. Aðsókn almennra safngesta, fræða- og námsfólks virðist svipuð bæði árin. Reyndar virðist mega sjá þess merki, þegar nánar er rýnt í tölurnar, að gestum sem komi á eigin vegum (utan hópa) fari jafnt og þétt fjölgandi og nýting á safnkostinum þar með.

Hafa ber í huga að utan við gestatalninguna eru þeir gestir sem sóttu helstu viðburði í Safnahúsinu á árinu (þ.e. dagskrár á Páskum, Sumardaginn fyrsta, Þjóðhátíðardaginn, Ormsteiti og Dögum myrkurs). Áætla má með nokkurri vissu að fjöldi gesta á þessum atburðum hafi samanlagt verið hátt í 500 talsins.

Árið 2009 var frekar stórt ár hvað snertir fjölda afhendinga til safnsins en þær voru alls 64 talsins, þar af voru 17 myndaafhendingar. Að venju eru afhendingarnar fjölbreyttar sem þær eru margar. Má í því sambandi nefna nokkur dæmi. Jónas Jónasson frá Kolmúla afhenti safninu allstórt og sérstætt bréfasafn. Nokkur kvenfélög og íþróttafélög afhentu skjöl um starfsemi sína. Skjöl frá Safnstofnun Austurlands voru afhent, en þau eiga við starfsemi stofnunarinnar og á árunum 1972-1999. Sérstæðasta afhendingin var þó líklega safn bréfa, korta og símskeyta sem Jóhannes Sveinsson Kjarval gerði og sendi vinum sínum á Borgarfirði. Af einstökum myndaafhendingum má nefna að Borgarfjarðahreppur afhenti allstórt myndasafn með margvíslegu myndefni frá Borgarfirði.

## Fulltrúaráð og stjórn

Vopnafjarðarhreppur	Ólafur B. Valgeirsson	Þorsteinn Steinsson
Fljótsdalshreppur	Sigmar Ingason	Sólveig Ólafsdóttir
Fljótsdalshérað	Sævar Sigbjarnarson	Ragnhildur Benediktsdóttir
Borgarfjarðarhreppur	Björn Aðalsteinsson	Kristjana Björnsdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður	Ólafur H. Sigurðsson	Vilhjálmur Jónsson
Fjarðabyggð	Magnús Stefánsson	Smári Geirsson
Breiðdalshreppur	Páll Baldursson	Anna Margrét Birgisdóttir
Djúpavogshreppur	Ólafur Eggertsson	Guðrún Sigurðardóttir

Aðalfundur fulltrúaráðs héraðsskjalasafnsins var haldinn þann 26. nóvember 2009 í Végarði í Fljótsdal. Á þann fund mættu, auk Hrafnkels Lárussonar forstöðumanns héraðsskjalasafnsins, allir kjörnir aðalmenn í fulltrúaráði safnsins að fulltrúa Breiðdalshrepps frátöldum. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og var sitjandi stjórn endurkjörin óbreytt til næsta aðalfundar.

Formaður: Björn Aðalsteinsson  
Varaformaður: Magnús Stefánsson  
Ritari: Ólafur Eggertsson

Meðstjórnendur: Sævar Sigbjarnarson  
Ólafur Valgeirsson

Varamenn: Sigmar Ingason  
Páll Baldursson

Undir lok aðalfundarins bauð Magnús Stefánsson, fulltrúi Fjarðabyggðar, að aðalfundurinn 2010 verði haldinn á Fáskrúðsfirði. Góður rómur var gerður að því boði.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu (12. mars, 14. október og 26. nóvember (tveir fundir)). Fundargerðir þeirra allra sem og aðalfundar fulltrúaráðsins má sjá á vefsíðu safnsins: [www.heraust.is](http://www.heraust.is) Þar er jafnframt að finna töluvert af eldri fundargerðum.

## Starfsfólk og opnunartími

Fastir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins voru þrír á árinu, samtals í 2,75 stöðugildum.

Hrafnkell Lárusson forstöðumaður (100% starf) sinnti daglegum rekstri safnsins, stjórn þess og starfsmannahaldi, auk þess að sinna samskiptum við sveitarfélög og stofnanir og hafa umsjón með Bókasafni Halldórs og Önnu Guðnýjar. Arndís Þorvaldsdóttir (75% starf) sinnti einkum almennum afgreiðslustörfum og tölvuskráningu skjala og ljósmynda, auk þess að hafa umsjón með Ljósmyndasafni Austurlands. Guðgeir Ingvarsson (100% starf) starfaði framan af ári við skráningu skjala fyrir Fjarðabyggð, auk þess að sinna afgreiðslu erinda og öðrum skráningarverkefnum.

Verkefni við skráningu manntala, undir umsjón Þjóðskjalasafns Íslands, hélt áfram til ársloka 2009 en þá rann gildandi verksamningur út. Tvö stöðugildi voru hjá Héraðsskjalasafninu vegna þessa verkefnis.

Ráðningarsamningar Árna Magnússonar og Nicole Zelle runnu út 28. febrúar og kaus Árni að láta þá af störfum. Um miðjan febrúar voru auglýst störf við skráningu manntala, samtals tvö stöðugildi. Alls bárust 20 umsóknir. Nicole var endurráðin (50% starf) frá og með 1. mars og til ársloka (hún var í fæðingarorlofi í ágúst, september og október). Auk hennar voru Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, Sigurveig Signý Róbertsdóttir og Ösp Ásgeirsdóttir ráðnar til starfa við skráningarverkefnið frá 1. mars til ársloka (allar í 50% starf). Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir starfaði við skráninguna á meðan á fæðingarorlofi Nicole stóð.

Ösp Ásgeirsdóttir starfaði (25% starf) frá ágústbyrjun til nóvemberloka við áframhald endurskipulagningar bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar. Er þar um að ræða sama verkefni og Beata Fabian starfaði við síðla árs 2008.

Í september framkvæmdi Selma Klemensdóttir, iðjubjálfi hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands úttekt á starfsaðstöðu starfsmanna Héraðsskjalasafnsins. Var úttektin gerð að tilmælum Vinnueftirlitsins. Selma leiðbeindi starfsfólki um líkamsbeitingu og kom með tillögur til úrbóta á starfsstöðvum.

Tveir starfsmannafundur, fastra starfsmanna safnsins, voru haldnir á árinu (í september og desember). Til starfsmannafundanna er boðað af forstöðumanni þegar efni þykja til. Á fundunum skiptast starfsmenn á upplýsingum og ræða um verkefni framundan og skipulagningu þeirra.

Safnið var opið alla virka daga ársins. Ekki var ráðið fólk til sumarafleysinga heldur skiptust starfsmenn á að fara í frí. Formlegur opnunartími safnsins var frá kl. 12:00–18:00 alla virka daga. Safnið er þó í raun jafnan opið frá kl. 8:30 alla virka daga.

## Rekstur

Héraðsskjalasafnið var rekið með 234.923,- króna tapi árið 2009.

Framlög sveitarfélaganna voru alls 16.410.563,- krónur á árinu, sem var 4,2% lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (17.129.000,-). Orsakast þessi munur af lækun framlaga sveitarfélaga sem gerð var að beiðni eins sveitarfélags, en tók til þeirra allra. Önnur rekstrarframlög voru 2.713.000,- sem er rúmum 1.300 þúsundum hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (1.442.000,-). Skýrist sá munur fyrst og fremst af næstum helmingi herra framlagi frá ríkinu en gert hafði verið ráð fyrir, en það er tilkomið vegna uppsafnaðrar ónýttar fjárheimildar frá fyrri árum. Styrkir og aðrar tekjur voru 138.362,- sem er verulega minna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (650.000,-). Vegna efnahagsástandsins í landinu var venjufremur erfitt um vik að afla styrkja til verkefna á árinu.

Alls voru rekstrartekjur kr. 19.261.925,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 19.221.000,-

Gjaldaliðir rekstrarreikningsins voru mun líkari því sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir en tekjulíðirnir. Í rekstrarreikningi ársins eru laun og launatengd gjöld kr. 11.462.301,- sem er lítið eitt lægra en gert var ráð fyrir (11.618.000,-). Sem fyrr eru greiðslur vegna manntalsskráningarverkefnisins færðar sem endurgreiðslur á launakostnað sem lækkar heildar launakostnað safnsins. Rekstur húsnæðis var 1.314.920,- sem er tæpum 200.000,- hærra en áætlun sagði til um (1.125.000,-). Skýrist um helmingur þeirrar upphæðar af kostnaði við lagfæringar á heimreið og bílastæði við Safnahúsið. Framlög safnsins voru alls krónur 3.343.772,- Það er rúmum 320.000,- hærra upphæð en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (3.029.000,-) og skýrist sá munur af því að meiru var varið til bókaþauka en áætlun gerði ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var 2.708.189,- sem er rúmum 200.000,- hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir (2.495.000,-). Verður það að teljast vel sloppið með hliðsjón af almennum verðhækkunum á árinu. Nokkur hreyfing var þó á einstökum kostnaðarliðum frá fjárhagsáætlun til niðurstaðna ársreiknings. Afskriftir voru kr. 827.496,-.

Alls voru rekstrargjöld kr. 19.656.678,- en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 19.094.496,-

Tekjur safnsins eftir fjármagnsliði voru krónur 159.830,-

Það létti mjög róðurinn í rekstri safnsins á árinu 2009 að skömmu fyrir árslok 2008 var lokið við að greiða upp skuldabréf hjá Kaupþingi banka sem safnið tók árið 2006 vegna rekstrarerfiðleika sem það átti þá í.

Við gerð draga fjárhagsáætlunar ársins 2010 var gott samstarf milli forstöðumanns og formanns stjórnar Héraðsskjalasafnsins. Var þannig viðhaldið ágætu vinnulagi sem komst á við vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009.

## Reglubundin starfsemi og ýmis verkefni

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2009 einkenndist öðru fremur af hefðbundnum verkefnum og svo af skráningarverkefninu. Stærstur hluti vinnutími fastra starfsmanna fór í að sinna daglegum rekstri safnsins, vinnu við skráningu skjala- og ljósmynda sem borist hafa safninu og svo í að ljúka verkefni við skjalaskráningu fyrir Fjarðabyggð sem staðið hafði frá því síðla árs 2006. Afgreiðsla erinda og aðstoð við safngesti tekur drjúgan hluta af tíma starfsmanna. Safngestir á árinu 2009 voru alls 1564, erindi sem bárust voru 424 og skjala og myndbeiðnir voru 173.

### Verkefni við skráningu manntala

Snemma árs 2008 hófst viðamikið verkefni við skráningu manntala og flokkun og frágang skjala. Verkefnið er undir umsjón Þjóðskjalasafns Íslands en í það var ráðist vegna sérstakrar fjárveitingar frá ríkinu. Héraðsskjalasafn Austfirðinga er eitt fimm héraðsskjalasafna sem taka þátt í verkefninu, en hér hefur farið fram skráning manntala síðan í marsbyrjun 2008. Verkefnið hélt áfram á árinu 2009 en verksamningur gerði ráð fyrir að verkefninu yrði framhaldið til ársloka 2009.

Tveir starfsmenn störfuðu við verkefnið í upphafi árs, báðir í fullu starfi.

Ráðningarsamningar þeirra runnu út í lok febrúar og var um miðjan þann mánuð auglýst eftir starfsfólki. Ákveðið var í samráði við forsvarsmenn verkefnisins í Þjóðskjalasafni að ráða í 50% starfshlutfall fremur en full störf og voru því fjórir starfsmenn ráðnir í tvö stöðugildi. Ekki var auðvelt að koma svo mörgum starfsmönnum fyrir í þröngu húsnæði safnsins. Niðurstaðan varð sú að taka hluta almenna lesrýmisins fyrir starfsstöðvar skráningarfólksins. Starfsmennirnir fengust á árinu einkum við innslátt manntala áranna 1901 og 1910. Tæknilegir erfiðleikar við innsláttargrunn ollu erfiðleikum og töfum við verkefnið fram eftir ári, líkt og allt árið á undan, og drógu þeir á stundum mjög úr afköstum og sköpuðu ýmis vandamál. Þessir erfiðleikar leystust á síðari hluta ársins.

Þegar líða tók á árið virtist ljóst, þrátt fyrir vonir um annað, að ekki tækist að óbreyttu fá fjármagn frá ríkinu til að halda verkefninu áfram enda um tímabundið verkefni að ræða og hjá ráðuneytunum var við undirbúning fjárlaga unnið eftir þeirri meginreglu að slík verkefni yrðu ekki framlengd. Þegar illa gekk að fá afgerandi svör frá Þjóðskjalasafni um þessi mál brugðu forstöðumenn héraðsskjalasafnanna í verkefninu á það ráð að setja sig í samband við fjárlaganefnd Alþingis. Varð niðurstaða þeirrar málaleitanar í stuttu máli sú að fjárlaganefnd féllst á að veita 75 milljónum til framhalds verkefnisins á árinu 2010. Er það engum vafa undirorpið að það er einkum þrautseigju héraðsskjalavardanna að þakka að sú niðurstaða fékkst. Fleiri lögðu þó málinu lið þ.á m. forsvarsmenn sveitarfélaga. Forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga var í reglulegu sambandi í síma og með tölvupósti við nefndarmenn í fjárlaganefnd vegna þessa máls og fundaði með nokkrum þeirra vegna málsins. Einnig átti forstöðumaður fundi bæði með fjármálaráðherra (25. september) og mennta- og menningarmálaráðherra (18. nóvember) vegna þessa máls. Það var mikill sigur að takast skyldi að viðhalda verkefninu. Það mun vonandi leiða til

þess að takist að ljúka því, en það að viðhalda störfunum sem verkefnið skapaði er enn mikilvægara. Það gerði niðurstöðuna svo enn ánægjulegri að gríðarlega mikill tími og orka forstöðumanns fór á haustmánuðum í vinnu við að sannfæra fjárveitingavaldið um að skynsamlegt væri að viðhalda verkefninu.

Vegna þess hve langt var liðið á árið þegar mál skýrðust varðandi áframhald skráningarverkefnisins var ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun safnins fyrir árið 2010.

### **Kynningarstarf og upplýsingaöflun**

Mínna var um heimsóknir forstöðumanns til annarra skjalasafna á árinu 2009 en var á árinu 2008. Þó voru Héraðsskjalasöfnin á Hvammstanga og í Neskaupstað heimsótt á árinu. Forstöðumaður hefur þrútt fyrir það átt mikil og regluleg samskipti við aðra héraðsskjalaverði á árinu og hefur í mörgu tilliti notið góðs af reynslu sér eldra og reyndara fólks í faginu. Tilkoma Félags héraðsskjalavarða eflði mjög þessi samskipti.

Kynning á starfsemi safnsins á árinu var mestanpart í tengslum við atburði í Safnahúsinu og í tengslum við átaksverkefni í skjalasöfnun. Ekki var ráðist í formlega kynningarherferð á safninu og starfsemi þess, en það fer þó að verða tímabært.

Safnið og starfsemi þess var kynnt á fleiri máta. Forstöðumaður ritaði pistil í tímaritið Snæfell um söfnunaráttak UÍA og Héraðsskjalasafnsins á skjölum ungmenna- og íþróttafélaga á Austurlandi. Kynningarpistill um safnið og starfsemi þessi birtist einnig í námskeiðsbæklingi Þekkingarnets Austurlands skömmu fyrir árslok. Miðar sú kynning að því að vekja athygli námsfólks á safninu og þeim möguleikum sem það býður uppá. Þessi kynning er jafnframt liður í auknu samstarfi Héraðsskjalasafnsins og Þekkingarnetsins.

Skömmu fyrir árslok tók Edda Óttarsdóttir, fyrrverandi forstöðukona Svæðisútvarps Austurlands, viðtal við forstöðumann Héraðsskjalasafnsins fyrir vefsvæðið [www.rannsóknatorg.is](http://www.rannsóknatorg.is). Umrætt vefsvæði er á vegum Þekkingarnets Austurlands en markmið þess er að styðja við uppbyggingu rannsóknastarfs á Austurlandi og miðla upplýsingum um það. Í viðtalið greindi forstöðumaður bæði frá starfsemi safnsins sem og frá eigin rannsóknum og fræðastörfum.

### **Fundir, ráðstefnur og námskeið**

Óvenju margir fundir skjalavarða voru haldnir á árinu. Á undangengnum árum hefur venjan verið að skjalaverðir hittist einu sinni á ári. En árið 2009 voru haldnir alls þrjú slíkir fundir, tveir í Þjóðskjalasafni og einn á Egilsstöðum.

Dagana 27. og 28. janúar var haldinn skjalavarðafundur í Þjóðskjalasafni. Á fundinum var m.a. rætt um væntanlegar breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn, um eftirlitshlutverk með skjalavörslu sveitarfélaga og um væntanlega handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Aðalefni fundarins var þó umræða um skýrslu Þjóðskjalasafns um héraðsskjalasöfnin og starfsemi þeirra sem unnin var á árinu 2008 að undirlagi Þjóðskjalasafns. Almennt er álitnið meðal skjalavarða að skýrslan sé þarft og vel unnið plagg. Hins vegar hefur henni ekki verið fylgt eftir sem skyldi af hálfu Þjóðskjalasafns, þrátt fyrir margar ábendingar þar um.



Vorfundur skjalavarða var haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum dagana 29. og 30. apríl. Ákvörðun Þjóðskjalavarðar þessa efnis var tilkynnt á skjalavarðafundinum í janúar, en þetta var í fyrsta sinn sem fundur sem þessi er haldinn á Austurlandi. Í janúar var jafnframt skipuð þriggja manna undirbúningsnefnd fundarins, en í henni áttu sæti Njörður Sigurðsson starfsmaður Þjóðskjalasafns, Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður Skagfirðinga og Hrafnkell Lárusson forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Nefndin undirbjó fundinn í gegnum síma og tölvupóst, en undirbúningur á staðnum var í höndum heimamannsins í nefndinni. Fundinn sóttu 25 skjalaverðir, frá Þjóðskjalasafni og flestum héraðsskjalasöfnum landsins. Í upphafi fundar minntust fundarmenn Hrafnkels A. Jónssonar, fyrrum forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Síðdegis fyrri fundardaginn sóttu fundarmenn Safnahúsið heim. Þar bauð sveitarfélagið Fljótaldshérað til móttöku og ávarpaði Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri gesti. Mörg efni voru á dagskrá fundarins og voru umræður hreinskiptnar og andinn góður. Framkvæmd fundarins gekk afar vel og voru fundarmenn almennt ánægðir með fundinn í heild sinni.

Dagana 5. og 6. nóvember var svo blásið til þriðja skjalavarðafundarins á árinu, nú í fundarsal Þjóðskjalasafnsins. Mörg mál voru á dagskrá þess fundar en hæst bar umræður um handbókina, nýjar reglur um rafræna skjalavörslu og skil á rafrænum gögnum og um eftirlitshlutverk héraðsskjalasafns með skjalavörslu sveitarfélaga. Fram kom á fundinum að menntamálaráðuneytið hefði nýlega tekið af allan vafa um að eftirlitshlutverk með skjalavörslu sveitarfélaga sé hjá héraðsskjalasöfnum en ekki hjá Þjóðskjalasafni.

Þann 16. febrúar var Rannsóknþing Austurlands haldið á Skriðuklaustri. Forstöðumaður sótti þingið og var þar í hópi framsögumanna. Þingið var fróðlegt en ekki eins vel sótt og vonir stóðu til, en um 25 manns mættu. Umræður urðu eftir fundinn um stofnun Austurlandsakademíu.

Aðalfundur Austfirskrar upplýsingar var haldinn í húsnæði Bókasafns Seyðisfjarðar þann 17. apríl. Forstöðumaður sótti fundinn og var þar kjörinn í varastjórn félagsins. Þann 12. október var haustfundur Austfirskrar upplýsingar á Egilsstöðum og var hann í námskeiðsformi með megináherslu á að auka færni viðstaddra í notkun á bókasafnsforritinu Gegni.

Af öðrum fundum sem forstöðumaður sótti á árinu má telja fund í Safnaklasa Austurlands sem haldinn var í apríl og ýmsa fundi um menningar- og atvinnumál.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) var haldinn á Hvolsvelli dagana 16.-18. september. Arndís Þorvaldsdóttir sótti farskólann fyrir hönd safnsins, en eitt af helstu umfjöllunarefnum þessa farskóla var meðferð og skráning ljósmynda.

Af námskeiðum sem starfsfólk héraðsskjalasafnsins sótti (utan námskeiða sem felld voru inn í dagskrá funda) ber að nefna námskeiðið Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996, sem haldið var í október. Námskeiðið var haldið á vegum forsætisráðuneytisins í Eirbergi við Hringbraut í Reykjavík en var sent út með fjarfundarbrúnaði og sat forstöðumaður námskeiðið í húsnæði Þekkingarnets

Austurlands á Egilsstöðum. Í maí sóttu Arndís og Guðgeir skyndihjálparnámskeið sem haldið var á vegum Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

### **Félag héraðsskjalavarða á Íslandi**

Þann 27. mars 2009 var Félag héraðsskjalavarða á Íslandi stofnað á símafundi sem nær allir starfandi héraðsskjalaverðir landsins tóku þátt í. Tildrög stofnunar félagsins voru þau að eftir skjalavarðafundinn sem haldinn var í Þjóðskjalasafni í lok janúar hittust héraðsskjalaverðir á fundi í Borgarskjalasafni og ræddu félagsstofnun. Á þeim fundi var sett á laggirnar undirbúningsnefnd sem vann að stofnun félagsins. Á stofnfundinum í mars voru lög félagsins samþykkt og stjórn þess kosin, en í henni á forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga sæti. Markmið félagsins „er að vera virkur samstarfsvettvangur héraðsskjalavarða til að styrkja héraðsskjalasöfnin, hag þeirra, faglegt frumkvæði, starfsemi og verkefni sem snúa að skjalavörslu í sveitarfélögum á Íslandi. Markmiðum félagsins skal reynt að ná m.a. með ýmiskonar fræðslu- og kynningarstarfsemi svo sem fundum, námskeiðum, fyrirlestrum, málþingum og útgáfu og samstarfi við einstaklinga, stofnanir og samtök er koma með einum eða öðrum hætti að skjalavörslu.“

Á stofnfundinum var jafnframt kynnt fyrsta verkefni félagsins. Það var áttak í söfnun skjala kvenfélaga í landinu og var það unnið í samvinnu við Kvenfélagasamband Íslands. Átakið hófst í apríl og því lauk í október. Það fékk ágætar viðtök meðal kvenfélaga á starfsvæði Héraðsskjalasafns Austfirðinga og afhenti um tugur kvenfélaga skjöl til safnsins.

Stofnun Félags héraðsskjalavarða var löngu tímabær og hefur tilkoma þess hleypt auknu lífi í samskipti meðal héraðsskjalavarða. Stjórn félagsins hefur átt reglulega símafundi, tvo til fjóra í mánuði (að sumarmánuðum frátöldum) og hafa þau samskipti á tíðum verið mjög lærdómsrík.

### **Geymslumál**

Enn eru þrengsl í skjalageymslum safnsins. Til viðbótar við þau gögn sem fyrir voru í geymslunum í upphafi árs bættust við rúmir 20 hillumetrar af skráðum skjölum á árinu auk þess sem smáritum, skýrslum og gömlum bókum sem tekin voru úr bókasafninu var fundinn staður í skjalageymslunni í Laufskógum. Á árinu var röðun í hillur í safninu breytt með þeim hætti að skjölum er nú raðað eftir skráningarári í hillur í geymslunni en áður var leitast við að halda saman gögnum frá einstökum skjalamyndurum. Leiddi eldra fyrirkomulagið til þess að skilja varð eftir auð svæði inn á milli í hillunum auk þess sem það kallaði á reglulega vinnu við tilfærslu á skjalaöskjum til að koma mætti fyrir nýskráðum gögnum. Var því ráðist í að raða þéttar því sem skráð var fyrir árslok 2008 og láta nýju röðunina gilda frá ársbyrjun 2009. Var það allmikið verk en við breytinguna skapaðist töluvert pláss. Eftir sem áður er enn brýn þörf á frekari hagræðingu í geymslum og aukins geymslurýmis. Einnig var á árinu lokið við að flytja þau skráðu skjöl sem geymd voru í geymslunni á Lyngási í aðalgeymslu safnsins í húsnaði þess í Laufskógum.

Nokkuð rými hefur skapast í geymslum safnsins vegna flutnings gagna úr þeim sem þar vistuð voru fyrir utanaðkomandi aðila. Þó er enn nokkuð eftir af slíku efni í geymslunum. Snemma árs fór forstöðumaður þess á leit við stjórn byggðasöguritsins Múlaþings að lager þess yrði fluttur úr geymslu safnsins á Lyngási. Var orðið við þeirri beiðni og sá ritstjóri Múlaþings um flutninginn í samvinnu við forstöðumann. Þrátt fyrir flutning lagersins er það eindreginn vilji Héraðsskjalasafnsins og Múlaþings að viðhalda því nána og góða samstarfi sem verið hefur á milli þessara aðila. Arndís Þorvaldsdóttir lét af störfum sem annar ritstjóri Múlaþings á árinu og tók Rannveig Þórhallsdóttir, fyrrum safnstjóri Minjasafns Austurlands, við af henni. Starfar hún við hlið Jóhanns G. Gunnarssonar sem áfram er ritstjóri Múlaþings.

### **Samskipti við sveitarfélög, stofnanir og félög**

Sem fyrr hefur verið leitast við að halda góðum og reglulegum samskiptum við aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins um rekstur Héraðsskjalasafnsins. Eru þau samskipti mest á sviði eftirlits Héraðsskjalasafnsins með skjalavörslu sveitarfélaganna en einnig er um að ræða gagnkvæm skipti á upplýsingum. Af einstökum sveitarfélögum hafa samskiptin verið mest við stærstu sveitarfélögin, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað.

Umfangsmiklu verkefni við skráningu skjala Fjarðabyggðar og forvera þess sveitarfélags, sem hófst síðla árs 2006 lauk snemma árs 2009. Forstöðumaður starfaði ásamt skjalastjóra Fljótsdalshéraðs að endurskoðun málaykils fyrir sveitarfélagið, en bráðabirgðamálaýkill var samþykktur árið 2008. Gerð endurskoðaðs málaýkils Fljótsdalshéraðs lauk í byrjun desember og gildir hann frá og með 1. janúar 2010.

Í júní hófst átaksverkefni Héraðsskjalasafnsins og Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA). Miðaði það verkefni að því að hvetja aðildarfélög UÍA til að huga að skjalamála sínum og afhenda Héraðsskjalasafninu skjöl sem ekki eru lengur í reglulegri notkun. Var forsvarsmönnum allra aðildarfélaganna rituð bréf vegna þessa þar sem átakið var kynnt og félögin hvött til að taka þátt. Brugðust nokkur félög vel við átakanu en almennt séð voru viðbrögðin heldur dræm og afhendingar fáar.

Gott samstarf hefur tekist með Héraðsskjalasafninu og Þekkingarneti Austurlands (ÞNA). Forstöðumaður fundaði nokkrum sinnum með forsvarsmönnum ÞNA á árinu um hvernig auka mætti samstarf ÞNA og Héraðsskjalasafnsins. Leiddi það til þess að í október var gengið frá vinnureglum um samstarf þessara aðila en vinnureglunum er ætlað að vera grunnur að frekara samstarfi í framtíðinni.

### **Málefni Safnahússins**

Efnahagsástand landsins á árinu var slæmt og leiddi það til þess að víða hægði á eða tók fyrir framkvæmdir. Ein afleiðing þessa var sú að undirbúningsvinna vegna fyrirhugaðrar framtíðaruppbyggingar Safnahússins stöðvaðist, en hún var kominn á nokkurn rekspöl á árinu 2008. Þessi mál voru þó áfram rædd á vinnufundum snemma árs en engin frekari hreyfing varð á málinu.

Að ýmsu var þó að hyggja varðandi Safnahúsið. Lengi hefur starfsfólk Safnahússins kvartað yfir loftræstikerfi hússins sem þykir ekki hafa skilað sínu hlutverki sem skyldi. Hefur loftið í húsinu oft verið þurrt og lítil hreyfing verið á því. Breytingar á stillingum kerfisins hafa litlum árangri skilað. Daglegt eftirlit með kerfinu hefur verið á hendi forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins. Eftir ítrekaðar athugasemdir forstöðumanns við fasteignafulltrúa Fljótsdalshéraðs var í nóvember fenginn sérfræðingur til að yfirfara kerfið og stilla það. Leiddi sú heimsókn brátt til umtalsverðra breytinga til hins betra á loftslagi í húsinu.

Í október var ráðist í lagfæringar á heimreið og bílastæði neðan (Tjarnarbrautarmegin) við Safnahúsið. Var um að ræða löngu tímabærar endurbætur enda yfirborð heimreiðarinnar og bílastæðisins orðið mjög gróft og holótt.

Í byrjun desember var sagt upp samningi Rekstrarfélags Safnahússins við Veiðikofann ehf. um ræstingar í Safnahúsinu. Var það sameiginleg ákvörðun forsvarsmanna safnanna í Safnahúsinu að leita annarra úrræða varðandi ræstingar.

Milli jóla og nýárs varð vart við vatnsleka í tækjarými á jarðhæð Safnahússins. Var ástæðan sú að element í loftræstikerfinu hafði gefið sig vegna tæringar. Því varð að slökkva á kerfinu og þar með hitanum fyrir þann hluta hússins sem þetta elemnet þjónaði, þ.e. húsnæði Héraðsskjalasafnsins. Þrátt fyrir að töluverðan vatnsleka urðu ekki skemmdir á öðru en elementinu.

### **Ýmislegt**

Í maímánuði setti Rannveig Þórhallsdóttir, forsvarskona fyrirtækisins Sagnabrunns ehf. og fyrrum safnstjóri Minjasafns Austurlands, sig í samband við Héraðsskjalasafnið og bauð fram þjónustu sína við yfirfærslu efnis á hljóðsnældum (kassetum) yfir á stafrænt form. Var gerður samningur um verkefnið og afritaði Rannveig allar hljóðsnældur í vörslu safnsins á stafrænt form. Eru þær nú varðveittar á geisladiskum og á innra kerfi safnsins auk þess að vera áfram aðgengilegar á snældunum.

Í júlí fjarlægði Sölvi Aðalbjarnarson málmstytur í hans eigu sem höfðu verið til sýnis á lóð Safnahússins frá því sumarið 2005.

## Sýningar, útgáfustarf o.fl.

Á árinu 2009 var að vanda lögð rækt við lifandi starf í Safnahúsinu og var oftast en ekki samstarf milli safnanna um einstaka viðburði og sýningar. Komu starfsmenn safnanna saman til funda í aðdraganda stærstu viðburðanna þar sem þeir voru skipulagðir. Stærstu viðburðir ársins voru þeir sem kalla má fasta liði í starfi Safnahússins.

### Sýningar, viðburðir og hátíðahöld

Ágætt samstarf hefur skapast milli Ljósmyndasafns Austurlands og Ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Í gegnum það samstarf fékkst ljósmyndasýningin *Til gagns og til fegurðar* að láni frá Þjóðminjasafninu, en þar var hún til sýnis á vormánuðum 2008. Sýningin var sett upp í anddyri Safnahússins (á jarðhæð þess). Hún var opnuð þann 22. janúar og stóð fram á vor. *Til gagns og til fegurðar* byggir á rannsókn Æsu Sigurjónsdóttur listfræðings á útliti og klæðaburði Íslendinga í ljósmyndum frá 1860 til 1960.

Hátíðahöld í Safnahúsinu um Páska, á Sumardaginn fyrsta og á Þjóðhátíðardaginn voru með hefðbundnu sniði. Framlag Héraðsskjalasafnsins á Sumardaginn fyrsta var myndasýning um kvöldið. Hún tókst vel en gestir hefðu mátt vera fleiri.

Söfnin í Safnahúsinu tóku að venju þátt í Safnadegi Ormsteitis. Framlag safnanna þetta árið var lesin dagskrá sem fjallaði um ástina í hinum ýmsu myndum og kallaðist þannig á við sumarsýningu Minjasafnsins sem bar yfirskriftina *Ást í 100 ár*. Um 50 manns mættu og hlýddu á dagskrána sem mæltist vel fyrir.

Laugardaginn 14. nóvember stóð safnið að dagskrá sem bæði var í tilefni af Dögum myrkurs og einnig vegna Norræna skjaladagsins. Aðalefni dagsins var lesin og sungin dagskrá um skáldið Örn Arnarson í tilefni af 125 ára ártíð skáldsins. Arndís Þorvaldsdóttir og Áslaug Sigurgestdóttir höfðu veg og vanda af undirbúningi. Arndís og Dagný Pálsdóttir fluttu lesna dagskrá um ævi skáldsins og nutu við það aðstoðar þriggja stúlkna sem lásu ljóð. Páll Pálsson kvað rímur eftir skáldið og sönghópurinn Hjartafimmurnar söng lög við ljóð skáldsins. Í andyrinu á jarðhæð Safnahússins var þennan dag sýning á skjölum, myndum og munum úr fórum kvenna og kvenfélaga í tilefni af Norræna skjaladeginum en þema hans var konur og kvenfélög. Arndís hafði umsjón með uppsetningu þeirrar sýningar. Var aðsókn ágæt en um 50 gestir mættu.

Þann 3. desember var Bókavaka Safnahússins en undirbúningur hennar og framkvæmd var að mestu á hendi starfsmanna Héraðsskjalasafnsins. Tæplega 30 gestir hlýddu á fimm höfunda lesa úr verkum sínum. Fram komu: Vilhjálmur Hjálmarsson, Magnús Stefánsson (fyrir hönd Kristínar Jónsdóttur), Elfa Hlín Pétursdóttir, Ingunn Snædal og Smári Geirsson. Krístrún Jónsdóttir, fyrrverandi forstöðukona Bókasafns Héraðsbúa, stjórnaði samkomunni og kynnti upplesara sem og bækur eftir aðra höfunda.

Þann 5. desember var árleg jólagleði haldin í Safnahúsinu. Hana sóttu um 100 manns.

Héraðsskjalasafnið aðstoðaði einnig aðra aðila við sýningahald á árinu. Má í því sambandi nefna að safnið lánaði muni til fermingarsýningar á Skriðuklaustri sem opnaði um páskana. Einnig lánað safnið muni til Samtaka Eiðavina vegna sýningar sem sett var upp á Eiðum eina helgi í október.

### **Útgáfustarf og kynning**

Safnið gaf að vanda út jólakort og var ákveðið að þetta ár væri það helgað það minningu Ármanns Halldórssonar, fyrsta forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga, en hann lést árið 2008. Rík ástæða var til að heiðra minningu Ármanns enda kom hann víða við í austfirsku mennta- og menningarlífi um sína daga. Það var Guðgeir Ingvarsson sem ritaði æviágrip Ármanns sem birtist í kortinu. Alls sendi safnið út 240 jólakort. Til viðbótar fékk Ungmenna og íþróttasamband Austurlands 45 jólakort sem það sendi til aðildarfélaga sinna. Var það gert til að minna á sameiginlegt átak Héraðsskjalasafnsins og UÍA á söfnun skjala aðildarfélaga þess.

Vefsíða safnsins nýttist ágætlega á árinu, einkum til að miðla upplýsingum um starfsemina. Í því sambandi má m.a. nefna að sú hefð hefur skapast að tvisvar á ári eru birtar á vefsíðunni upplýsingar um hvaða bækur hafa verið keyptar til bókasafnsins. Mikilvægt er að þróa vefsíðuna frekar og auka nýtingu hennar frá því sem nú er.

## Ljósmyndasafn Austurlands

Starfsemi Ljósmyndasafnsins var með venjubundnum hætti á árinu. Skráning og afgreiðsla myndbeiðna voru fyrirferðarmest í starfinu að vanda. Ljósmyndasafnið var áfram áberandi á vefsíðu safnsins og voru settar inn fjórar myndasýningar á árinu, hver með 25-30 myndum og textum við hverja mynd.

Fyrsta sýning ársins birtist á vefsíðunni í febrúar. Hún bar heitið *Atvinna á sjó og landi* og innihélt myndir frá fjórum síðustu áratugum 20. aldar. Meginefni sýningarinnar eru myndir af fólki við ýmis störf og endurspeglar sýningin þær sviptingar sem hér hafa orðið í atvinnurekstri á þessu tímabili því flest fyrirtækin sem koma við sögu heyra nú sögunni til. Inn á milli í sýningunni voru síðan myndir úr austfirsku menningarlífi.

Önnur sýning ársins nefndist *Bajarhátíðir og íþróttaviðburðir* og var hún sett á vefinn í maí. Myndirnar í sýningunni eru allar úr myndasafni Vikublaðisins Austra og er um þriðjungur þeirra tekin af ýmsum viðburðum sem boðið var upp á í tilefni af 50 ára afmæli Egilsstaðabæjar sumarið 1997. Jafnframt gefur að líta nokkrar myndir af íþróttaviðburðum og keppnisliðum og eru þær flestar teknar á síðasta áratug 20. aldar.

Þriðja sýningin nefndist *Söngur og leiklist á Héraði* og birtist hún á vefnum í september. Sýningin gefur innsýn í tónlistar- og leiklistarlíf á Fljótsdalshéraði á síðari hluta 20. aldar, en elsta myndin er frá árinu 1959. Flestar koma myndirnar úr myndasöfnum Tónskólans og Leikfélags Fljótsdalshéraðs.

Fjórða og síðasta sýning ársins nefndist *Jólasýning* og var hún birt í desember, eins heitið gefur tilefni var til. Ekki var þó mikið um jólamyndir á sýningunni sem var tileinkuð Emilíu Blöndal (1897-1987), en allar myndirnar á sýningunni voru teknar af henni. Myndir Emilíu eru ómetanlegar heimildir um mannlíf og atvinnuhætti í Seyðisfjarðarkaupstað á 20. öld. Afkomendur Emilíu færðu Ljósmyndasafni Austurlands myndir hennar og filmusafn til varðveislu árið 2003.

Árdís Þorvaldsdóttir hafði að venju veg og vanda af gerð allra sýninganna og ritun myndatexta. Hún naut aðstoðar Sólveigar Sigurðardóttur, bókvarðar á Seyðisfirði, við gerð sýningarinnar á myndum Emilíu Blöndal.

Áframhald varð á árinu á birtingum óþekktra mynda úr Ljósmyndasafninu í Austurglugganum og fengust upplýsingar um vel flestar myndirnar sem þar birtust. Er það samstarf sem þar hefur skapast mjög gott fyrir Ljósmyndasafnið enda eykur það gildi ljósmynda til muna að hafa greinargóðar upplýsingar um þær.

## Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Einn fundur var í stjórn Bókasafns Halldórs Ásgrímssonar og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur á árinu og var hann haldinn þann 19. ágúst í Safnahúsinu. Á fundinum gerði forstöðumaður grein fyrir starfsemi Bókasafnsins frá síðasta stjórnarfundum og fjallaði sérstaklega um innkaup til þess og útlán úr því. Fundurinn fjallaði einnig um drög að nýjum útlánareglum safnsins sem og drög að innkaupastefnu þess, en hvort tveggja var unnið af forstöðumanni og lagt fram á fundinum. Samþykkti stjórnin útlánareglurnar fyrir sitt leyti en vísaði afgreiðslu innkaupastefnunnar til næsta fundar.

Í febrúar gengu forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins og Krístrún Jónsdóttir, þáverandi forstöðukona Bókasafns Héraðsbúa, frá skjali sem inniheldur sameiginlega áherslur safnanna í innkaupum á bókum. Voru með þessu sett á blað viðmið sem höfðu til þessa verið óskráð en bæði söfnin höfðu stuðst við síðan snemma árs 2008. Sú meginregla sem miðað er við er að Bókasafn Héraðsbúa einbeiti sér að almennu efni, fagurbókmenntum og afþreyingarefni en Héraðsskjalasafn Austfirðinga að fræðilegu efni. Hér er ekki um bindandi samkomulag að ræða heldur er þessu skjali ætlað að þjóna því hlutverk að vera viðmiðun sem leiði til fjölbreyttari samkosts safnanna samanlagt. Krístrún Jónsdóttir lét af störfum þann 1. mars sem forstöðumaður Bókasafns Héraðsbúa eftir 35 ára starf fyrir safnið.

Í ágústbyrjun hóf Ösp Ásgeirsdóttir störf við endurskipulagningu Bókasafnsins. Miðaði sú vinna að því að fjarlægja úr hillum safnsins smárit, skýrslur og gamlar bækur og setja í öskjur sem varðveittar eru í skjalageymslu safnsins. Ösp starfaði við þetta verkefni í hlutastarfi (25% starfshlutfall) fram til loka nóvember. Var starf hennar framhald þeirrar vinnu sem Beata Fabian hóf síðla árs 2008. Þrátt fyrir að vel hafi gengið og mikill árangur náðst tókst ekki að ljúka verkinu og á enn eftir að yfirfara um 15% bókasafnsins. Eftir er að fara yfir tímaritasafnið með sama hætti og bíður það verkefni síðari tíma.

Í september var byrjað að halda saman upplýsingum um fjölda gesta sem koma í safnið og nýta safnkost Bókasafnsins. Varð niðurstaða talningar sú að á síðustu fjórum mánuðum ársins nýttu 152 gestir Bókasafnið, en heildarfjöldi gesta í safninu á umræddu tímabili var 435.

Alls voru Bókasafninu gefnar 22 bækur á árinu og komu þær frá fimm einstaklingum. Stærsta gjöfin, alls tólf bækur, kom frá Vilhjálmi Hjálmarssyni, fyrrverandi ráðherra og alþingismanni. Var þar um að ræða færeyskar bækur eða bækur sem fjalla um Færeysjar. Einnig barst merk gjöf frá Guðrúnu Guðmundsdóttur á Egilsstöðum. Hún færði safninu til varðveislu vel með farið eintak af *Brennu-Njálsögu* sem kom út í Hrappsey árið 1772. Umrædd bók var í eigu Páls heitins Lárussonar eignmanns Guðrúnar og þar áður í eigu móður hans Þorbjargar R. Pálsdóttur á Gilsá í Breiðdal.

Málefni Bókasafnsins voru annars mikið til umræðu á síðari hluta ársins. Þann 18. ágúst var haldinn á Borgarfirði samráðsfundur formanna stjórna Héraðsskjalasafnsins og



Bókasafnsins. Þann fund sat forstöðumaður einnig. Á fundinum skiptust menn á skoðunum og ræddu almennt um stöðu Bókasafnsins innan Héraðsskjalasafnsins.

Á fundi sínum í október ákvað stjórn Héraðsskjalasafnsins að láta gera lögfræðilega álitserð á stöðu Bókasafnsins. Sú álitserð var unnin af Jóni Jónssyni hdl. hjá Regula lögmannsstofu. Á fundi stjórnar Héraðsskjalasafnsins þann 26. nóvember voru samhljóða samþykkt drög að nýjum reglum fyrir Bókasafnið. Þau drög samþykkti einnig aðalfundur fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins sem haldinn var síðar sama dag. Í framhaldinu voru umrædd drög send stjórn Bókasafnsins. Þegar árinu lauk hafði stjórn Bókasafnsins ekki unnist tími til að fjalla um drögin.

Fyrir aðalfund fulltrúaráðs Héraðsskjalasafnsins þann 26. nóvember 2009 báðust báðir fulltrúar Héraðsskjalasafnsins í stjórn Bókasafnsins, þau Magnús Þorsteinsson og Arndís Þorvaldsdóttir, undan endurkjörin í stjórn Bókasafnsins eftir áralanga setu í stjórninni. Í stað þeirra Magnúsar og Arndísar voru á aðalfundi fulltrúaráðsins kjörin í stjórn Bókasafnsins þau Ólafur H. Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, og Sigrún Blöndal, aðstoðarskólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum. Formaður stjórnar og fulltrúi gefenda er Halldór Árnason.

## Lokaorð

Árið 2009 var viðburðaríkt ár hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga eins og þessi ársskýrsla ber með sér. Þó gestafjöldi drægist saman frá árinu á undan voru miklar annir hjá starfsfólki safnsins enda mun verkefnið seint þrjóta. Stóru skjalaskráningarverkefni fyrir Fjarðabyggð lauk á árinu, manntalsskráningin hélt áfram og stórt skref var stigið í endurbótum á frágangi bókasafnsins, svo eitthvað sé nefnt. Alls störfuðu átta starfsmenn hjá Héraðsskjalasafninu á árinu í tæpum fimm stöðugildum og hefur umfang starfsemi safnsins aldrei verið meira þó framlög sveitarfélaganna til þess hafi lækkað frá árinu 2008.

Manntalsskráningarverkefnið hefur verið mikilvæg viðbót við starfsemi safnsins. Tilurð þess hefur leitt í ljós að Héraðsskjalasafnið getur vel tekist á við slík verkefni þó skráningarfólkið hafi þurft að sýna umburðarlyndi og nægjusemi varðandi starfsaðstöðu sína vegna þrengsla í safninu. Það var mikill sigur að fást skyldi fjárveiting til að halda skráningarverkefninu áfram á árinu 2010. En huga þarf að því að fá ný verkefni sem tekið geta við af þessu. Í safninu er til staðar bæði reynsla og þekking til að leysa úr margvíslegum verkefnum en helsta hættan er að aðstaðan geti orðið þröskuldur.

Ekki má dragast lengi að fundin verði framtíðarlausn á geymslumálum safnsins. Lítið rými er eftir í aðalgeymslu þess í Safnahúsinu. Fjargeymslan að Lyngási er óhentugt húsnæði sem ekki er æskilegt að verði nýtt í mörg ár til viðbótar. Stöðugt bætist hins vegar við skjalasafnið og er ljóst að það magn sem berast mun til þess á næstu árum mun ekki aðeins aukast ár frá ári heldur líklega margfaldast frá því sem nú er.

Þó margt hafi áunnist bætist stöðugt á verkefnalista Héraðsskjalasafnsins. Stofnunin hefði sannarlega þörf fyrir aukið húsrými, meira fjármagn og aukinn mannafla. Slíkt liggur þó ekki á lausu nú um stundir en þörfin er til staðar eftir sem áður.

*Hrafnkell Lárusson*  
*forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga*